

Ed.

396. Nefndarátt

um frumvarp til laga um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykkt eins og það kemur

frá Nd., með þeirri einni breytingu, að 5. gr. frumv. falli burt, en í þeirri grein er svo ákvæðið, að breyta megi skattinum fyrir eitt ár í senn með ákvæðum í fjárlögum. Telur nefndin, ef ákvæði eins og þetta yrði alment sett inn í skattalög-gjöfina, þá yrði minni festa í henni, og hætt við að þing, sem eru um of ör til útgjaldanna, mundu gæta minni sparnaðar, ef hækka mætti tekjuhlið fjárlaganna á svo handhægan hátt, sem hjer er farið fram á. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frumv. með þessari

BREYTINGU.

5. gr. falli burt, en 6. gr. verði 5. gr.

Alþingi, 25. apríl 1921.

Sig. Eggerz,
formaður og framsögum.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari, með fyrirvara.

Guðjón Guðlaugsson.

Sigurjón Friðjónsson.

Björn Kristjánsson,
með fyrirvara.